

Samkomulag
milli Orkuveitu Reykjavíkur sameignarfyrirtækis annars vegar
og Félags íslenskra náttúrufræðinga hins vegar.


Orkuveita Reykjavíkur sameignarfyrirtæki annars vegar og Félag íslenskra náttúrufræðinga hins vegar lýsa því hér með yfir að gildandi kjarasamningur milli Félags íslenskra náttúrufræðinga og Reykjavíkurborgar telst frá og með 1. janúar 2002 kjarasamningur á milli aðila að breyttu breytanda.

Reykjavík 14. janúar 2002

Fh. Orkuveitu Reykjavíkur



Fh. Félags íslenskra náttúrufræðinga





YFIRLÝSING REYKJAVÍKURBORGAR

vegna stofnunar sameignarfyrirtækisins Orkuveita Reykjavíkur

Yfirlýsing þessi tekur til núverandi starfsmanna
Orkuveitu Reykjavíkur sem gerast starfsmenn
sameignarfyrirtækisins Orkuveita Reykjavíkur (OR) hinn 1. janúar 2002


Í tilefni af stofnun sameignarfyrirtækisins Orkuveitu Reykjavíkur lýsir Reykjavíkurborg því yfir að neðangreint skuli gilda um réttarstöðu starfsmanna Orkuveitu Reykjavíkur sem gerast beint starfsmenn sameignarfyrirtækisins við stofnun þess hinn 1. janúar 2002:

Þeir starfsmenn Orkuveitu Reykjavíkur, sem taka við starfi hjá sameignarfyrirtækinu við stofnun þess, skulu halda starfskjörum og réttindum sem þeir hafa áður haft eins og um samfellda ráðningu hjá sama vinnuveitanda sé að ræða. Í þessu felst m.a. eftirfarandi:

1. Að OR yfirtekur gildandi ráðningasamninga ofangreindra starfsmanna með þeim réttindum og skyldum sem þar greinir.
2. Að starfsmenn Orkuveitu Reykjavíkur njóta réttinda og bera skyldur sem starfsmenn OR í samræmi við ákvæði hlutaðeigandi kjarasamninga um réttindi og skyldur starfsmanna að breyttu breytanda.
3. Að þeir starfsmenn sem eru í Lífeyrissjóði starfsmanna Reykjavíkurborgar eiga rétt til áframhaldandi aðildar að þeim sjóði og greiða þangað iðgjöld samkvæmt samþykktum lífeyrissjóðsins um réttindi þegar stöður eru lagðar niður.
4. Að þeir starfsmenn OR sem eru aðilar að Lífeyrissjóði starfsmanna sveitarfélaga eiga rétt til áframhaldandi aðildar að þeim sjóði.
5. Að starfsmenn OR eigi rétt á því að vera félagsmenn í þeim stéttarfélagum sem lögum samkvæmt eiga rétt á því að gera kjarasamning við OR enda hafi hlutaðeigandi stéttarfélag gert kjarasamning við Orkuveitu Reykjavíkur.
6. Að starfsmenn OR halda óskertum kjörum skv efnisákvæðum kjarasamningsins að breyttu breytanda út gildistíma kjarasamningsins. Þannig eiga þessir starfsmenn áfram sama rétt til röðunar í launaflokk og launaprep skv kjarasamningi.

Reykjavíkurborg mun áfram kappkosta á vettvangi sameignarfyrirtækisins að reka metnaðarfulla starfsmannastefnu og viðhafa gott samráð við starfsmenn.

Reykjavík, 31. desember 2001


Birgir Björn Sigurjónsson,
forstöðumaður kjarapróunardeildar